

**Ed.**

### **364. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fellst á ástæður þær, sem færðar eru fram fyrir frv. þessu. En það á að miða að því, að lax geti gengið hindrunarminna á hrygningarstaði en nú er. Í bergvatnsám, sjerstaklega hinum vatnsminni, geta þeir, er veiði eiga næst sjó, tekið svo að segja hvern lax, er í á gengur, ef kappsamlega er að veiði gengið og þótt eigi sjeu notaðar aðrar veiðiaðferðir en þær, sem leyfðar eru í lögum. Hefir lax, vegna ránveiði, lagst með öllu frá mörgum ám, sem með skynsamlegum veiðiaðferðum gætu verið góðar veiðiár. Nefndin vill ganga nokkru lengra en frv. í því að nema úr lögum takmarkanir, er hindra göngu lax í ár, þar á meðal rjett manna til að þvergirða á eða kvisl, þótt þeir eigi alla veiði í ánni eða kvíslinni.

Annars játar nefndin, að mikill vandi er að setja löggjöf um þessi efni, svo mjög sem hagsmunir þeirra manna rekast á, er afnot hafa, eða gætu haft, af laxveiði.

Einn nefndarmanna (J. Kr.) hefir nokkra sjerstöðu í málinu, og skrifar hann undir nefndarálitið með fyrirvara.

En svo sem að framan segir, telur nefndin frv. fara í rjetta átt og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

#### **BREYTINGARTILLÖGUM.**

1. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
  - a. Aftan við 1. málsgr. 2. greinar laganna hætist: Um á, er rennur í kvislum, gildir hið sama.
  - b. Aðra málsgr. 2. gr. laganna skal orða svo:

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávalt sje 100 metra bil eftir endilangri ánni milli veiðivjela.
2. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
  3. gr. laganna skal orða svo:

Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvatni

eða sjó, þar sem lax gengur, svo fór hans sje hindruð, og þar sem á fellur í sjó, eigi nær ósamynnum en í 200 metra fjarlægð. Ádráttarveiði má viðhafa í ári; þó má ekki draga á nema á tímanum frá dagmálum til náttmála og ekki þann tíma, er lax er friðaður í viku hverri. Svo má og eigi draga á nær ósamynnum en í 250 metra fjarlægð. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók og eigi með skoti eða sprengingu. Til visindalegra þarfa og til laxaklaks má veiða lax á hverjum tíma árs sem er.

Alþingi, 1. mars 1928.

Einar Árnason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr. og frsm.

Jónas Kristjánsson,  
með fyrirvara.